


**SKÝRSLUR  
FORNLEIFAVERNDAR RÍKISINS 2010**



**Sauðafell  
Dalabyggð  
Vettvangsathugun í ágúst 2010**

Magnús A. Sigurðsson

Ljósmynd á forsíðu: Mynd 1: Málverk Collingwoods af Sauðafelli frá 1897.

© 2010 Fornleifavernd ríkisins/Magnús A. Sigurðsson

## Efnisyfirlit

|                                            |   |
|--------------------------------------------|---|
| Efnisyfirlit.....                          | 3 |
| Aðdragandi.....                            | 4 |
| Heimildir.....                             | 4 |
| Aðstæður.....                              | 5 |
| Vettvangsathugun 3. til 5. ágúst 2010..... | 6 |
| Niðurstöður.....                           | 7 |
| Heimildaskrá.....                          | 8 |

## Aðdragandi



Mynd 2. Staðsetning Sauðafells

Á Sauðafelli stendur reisulegt gamalt íbúðarhús sem Björn sýslumaður Bjarnarson reisti 1897, og er líklega elsta timburhúsið í S-Dölum. Björn Bjarnason, sýslumaður, keypti Sauðafell 1892 og flytur þangað sama vor og býr þar til 1918, er Finnbogi Finnsson bóndi á Svínhóli kaupir jörðina, en afkomendur hans búa þar enn.

Núverandi ábúandi, Finnbogi Harðarson, hefur verið að gera upp gamla húsið með stuðningi Húsafriðunarnefndar ríkisins. Húsið er reist á hlöðnum sökkli sem er farin að síga ansi mikið. Er hann var að vinna í lagfæringum á sökklinum kom hann niður á steinstétt, á um 180 sentímetra dýpi miðað við jarðvegsyfirborð utan við húsið. Stöðvaði hann framkvæmdir í samræmi við þjóðminjalög<sup>1</sup> og hafði samband við minjavörð vesturlands.

## Heimildir

Bærinn Sauðafell stendur í miðjum Miðdölum í Dalabyggð, norðvestan við hornið á Sauðafelli, háu felli sem blasir við á hægri hönd þegar komið er niður úr Bröttubrekku. Sauðafell er fornt höfuðból sem kemur þrásinnis við sögu í fornsögum. Þar bjó Máni sonur Snorra goða og Mána-Ljótur sonur hans, Þórólfur rauðnefur í Laxdælu og ójafnaðarmaðurinn Þorbjörn í Króka-Refs sögu. En helst er höfuðbólið þekkt sem eitt helsta höfðingjasetrið í Dölunum á Sturlungaöld og til loka þjóðveldis. Þá réðu þar búi hver fram af öðrum Sighvatur bróðir Snorra Sturlusonar, Sturla Sighvatsson, Sturla Þórðarson sagnaritari, Tumi Sighvatsson yngri, Jón Sturluson, Hrafn Oddsson síðar hirðstjóri og Vigfús Gunnsteinsson fylgismaður Sturlunga sem var upprennandi höfðingi við lok þjóðveldisaldar. Áður

<sup>1</sup> 13. grein, þjóðminjalaga nr. 107/2001, segir:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.



höfðu goðar Dalamanna einkum setið á Staðarhóli, Skarði og Staðarfelli eða í Hvammi og Hjarðarholti.


Sturla Sighvatsson egndi Vatnsfirðinga gegn sér þegar hann tók syni Hrafn Sveinbjarnarsonar undir verndarvæng sinn og seildist með því til áhrifa á Vestfjörðum. Fræg að endemum er Sauðafellsför Vatnsfirðinga að næturþeli í janúar 1229 vegna grimmdarverka þeirra við heimilisfólk þegar þeir leituðu Sturlu. Solveig kona hans Sæmundardóttir frá Odda hafði alið barn skömmu áður og hristu Vatnsfirðingar brugðin og blóðug vopnin yfir hvílu hennar og sögðust hafa litað með þeim lokkinn á honum Dala-Frey og áttu þar við Sturlu. Alkunn eru einnig viðbrögð Sturlu þegar honum barst fregnin þar sem hann var staddur norður á Reykjum í Miðfirði. Þau teljast meðal dæma um hinar stuttaralegu ástartjáningar í íslenskum fornsögum:

Á Sauðafelli stóð eina kirkjan á Íslandi sem vitað er um að væri helguð Egídiusi einsetumanni. Brot af sögu hans er til í íslensku handriti frá 15. öld. Kirkjan á Sauðafelli var lögð niður árið 1919 en ekki rifin fyrr en 1922. Mikil átök urðu innan safnaðar í Miðdölum þegar fækka skyldi kirkjum og velja milli kirkjustaða.

Eftir Sturlungaöld er staðurinn þekktastur í landssögunni fyrir þann viðburð haustið 1550 þegar Daði í Snóksdal fangaði Jón biskup Arason og syni hans, Björn og Ara, í sjálfri kirkjunni. Þeir hugðust gera þessa jarðeign Daða upptæka fyrir ýmsar sakir. Sagt er að Daði hafi komið þeim á óvart í dimmviðri, látið menn sína tvímenna á hestum til að sýnast færri og riðið upp Sauðafellstungu í farvegi Tunguár. Margar aðrar frásagnir eru til um þessa viðureign og skal hér birt brot úr einni þeirra sem Oddur biskup Einarsson lét skrá eftir skrifi manns sem var níu ára þegar þeir atburðir gerðust (Biskupasögur Bókmenntafélagsins):

Eftir þetta voru þeir feðgar hafðir í haldi í Snóksdal í nokkrar vikur en síðar fluttir suður í Skálholt og hálshögnir.

## Aðstæður



Mynd 3. Afstöðumynd af Sauðafelli.


Sauðafell stendur, einsog fyrr sagði, undir samnefndu felli. Gamli bærin stendur á hinum gamla bæjarhól ásamt gömlu fjárhúsi og smiðju. Núverandi íbúðarhús stendur þar aðeins norðar, en SSA við gamla húsið er gamall kirkjugarður með fornri kirkjutóft, en kirkja var á Sauðafelli allt til 1922. Ábúandinn á Sauðafelli, Finnbogi Harðarson, hefur verið að vinna í lagfæringum á sökklum gamla hússins og er búinn að fjarlægja hleðsluna á bletti á suðurhluta grunnsins. Þar koma hann niður á

steinstétt, um 180 sm undir jarðvegsyfirborði utan við húsið.



Mynd 4. Hleðslan sem kom í ljós.

### Vettvangsathugun 3. til 5. ágúst 2010



Líkt og fyrr var sagt þá kom ábúandinn niður á hlaðið gólf eða stétt þegar hann var að laga sökkulinn undir húsinu. Gólfíð kom í ljós á um 0,5 metra dýpi miðar við núverandi kjallaragólf. Minjavörður vesturlands, Magnús A. Sigurðsson og Albína Hulda Pálsdóttir, fornleifafræðingur, fóru á staðinn og gerðu vettvangsathugun 3. til 5. ágúst 2010.

Mynd 5. Afstöðuteikning af holunni.



Mynd 6. Holan eftir hreinsun.



Fyrsta daginn var hreinsað ofan af holunni sem ábúandinn hafði grafið. Holan er um 2,5 x 2 metrar að stærð (sjá meðfylgandi teikningu). Virðist vera hellulagt gólf yfir allan flötin. Ekki fundust neinir munir og lítið sem ekkert um móösku eða kolaðar leifar.



Mynd 7. Holan niður í óhreyft í SV horni.

Næsta dag var holan stækkuð og grjótið flutt burt. Ábúandinn útvegaði færibönd sem gerði auðveldara fyrir að fjarlægja bæði grjót og jarðveg. Hleðslan virtist ná undir allan sökkulinn. Ekki fundust neinir munir og lítið sem ekkert um móösku eða kolaðar leifar.

Þriðja og síðasta daginn var holan hreinsuð og mynduð. Síðan grafið á litlum bletti í SV horni holunnar, í gegnum gólfnið niður í óhreyft. Þar kom í ljós mjög dökkt grænt lag, leirkennt en óhreyft.

## Niðurstöður

Það virðist vera að það sé eldra hlaðið gólf undir núverandi sökkli, eitthvað um torf og púkk ofan á henni, en samt lítið að sjá nema hlaðið steingólf. Engir munir fundust en eitthvað af beinum og örlítið af móösku. Skortur á lífrænum leifum og munum tengdum búsetu virðist benda til þess að hér sé hlaðna stétt að ræða frekar en gólf. Eftir því sem meira af sökklinum verður rifinn ætti betur að koma í ljós hvað um er að ræða, en augsjáanlega er um fornar búsetuminjar að ræða.

## Heimildaskrá

Flosi Jónsson 1981. Sauðafell. *Breiðfirðingur 37.-38 ár*. Reykjavík. 4-10.

Guðrún Ása Grímsdóttir & Árni Björnsson 1997. *Árbók Ferðafélags Íslands 1997. Í fjallahögum milli Mýra og Dala*. Reykjavík.

Þorsteinn Þorsteinsson 1947. *Árbók Ferðafélags Íslands MCMXLVII. Dalasýsla*. Reykjavík.